

Ísafjarðarbær  
vt. Axel R Överby  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður

Efni Ísland ljóstengt 2018

bls. 1

Vísað er til erindis Ísafjarðarbæjar, dags. 28. febrúar sl. þar sem óskað er eftir hugmyndum fjarskiptafyrirtækja á útfærslu framkvæmda í verkefninu Ísland ljóstengt 2018. Þar með talið grófhönnun og komi fram fjöldi staðfanga (tengipunkta) út frá því fjármagni sem í boði er, útfærsla kerfis, upphafstími og áætluð verklok framkvæmda. Hugmyndirnar verði metnar m.a. eftir hagkvæmi, kostnaði og fjölda staðfanga og samræmi við kröfur Fjarskiptasjóðs.

Fyrst er þess að geta að taka þarf ákvörðun um stærð verkefnis út frá upphaflegri umsókn og þeirrar staðreyndar að umbeðin styrkuppþæð sem byggði á kostnaðaráætlun Eflu fékkst ekki afgreidd að fullu, þ.e. einungis er veitt 68% umbeðinnar fjárhæðar úr Fjarskiptasjóði.

Ekki var gert ráð fyrir í gögnum frá Eflu að samlegð með öðrum framkvæmdum yrði önnur en notast yrði við fæðingu inn á kerfið frá þremur fyrirliggjandi tengipunktum, tveimur norðan fjarðar í eigu Mílu og einum sunnan fjarðar.

Snerpa kannaði hvort hægt væri að fá tengingu í tengipunktum Mílu norðan Dýrafjarðar og svar Mílu er að slíkt er ekki mögulegt. Þarf því að bæta í verkefnið plægingu ljósleiðara frá Gemlufalli að Fremstuhúsum og sæstreng yfir Dýrafjörð. Þó það sé ekki algilt, er venjan við lagningu sæstrengja að leggja tvær aðskildar leiðir í sjó, er vegna kostnaðar ekki gert ráð fyrir tvöfaldri lagningu, auk þess sem líklegt er að á næstu árum náist samlegð með sæstreng sem Orkubú Vestfjarða hyggst leggja á svipuðum slóðum. Fari svo illa að sæstrengur slitni áður en leiðin verður tvöfölduð verður hægt að reka kerfið tímabundið um örbylgjusamband þar til hægt verður að gera við sæstrenginn. Ekki er reiknað með að sveitarfélagið beri kostnað af síðari tíma tvöföldun náist slík samlegð.

Snerpa kannaði einnig hjá Orkubúi Vestfjarða hvort möguleiki væri á samlegð framkvæmda við nýlagnir, þ.e. hvort OV gæti nýtt sér hluta framkvæmda þannig að í leiðinni yrðu þrífasaðar heimtaugar í jarðstreng í stað loftlínu nú. Í ljós kom að í nær öllum hluta verkefnisins sunnan Dýrafjarðar var möguleiki á slíku en hinsvegar hefur Orkubúið ráðstafað öllu sínu framkvæmdafé fyrir árið 2018 og fór fram á að kannaðir yrðu möguleikar á að vinna þennan hluta verksins árið 2019. Niðurstaðan úr því var að leitað var eftir samþykki fjarskiptasjóðs um að styrkurinn 2018 yrði eingöngu nýttur til framkvæmda norðan Dýrafjarðar enda yrði bætt í þann hluta framkvæmdum sem reynast nauðsynlegar vegna þess að Míla á ekki til innviði sem hægt er að nýta í verkefnið (áður nefnd viðbótarplæging og sæstrengur). Svar Fjarskiptasjóðs var jákvætt og mun því verða að hægt að sækja um styrk árið 2019 vegna þeirra framkvæmda sem frestað er auk þess sem framkvæmdin þá verður ódýrari vegna samlegðar.

Snerpa leggur því til að framkvæmdir 2018 verði eingöngu vegna norðanverðs Dýrafjarðar. Því fylgja þó þær framkvæmdir sunnan fjarðar sem þarf til að tengja kerfið út á Þingeyri. Möguleiki er – ef áætlun OV um aðrar framkvæmdir 2018 raskast, að hluti af því sem eftir er í ár verði unnið, en verði af því, þá mun samþykktur viðbótarkostnaður vegna þess verða greiddur af Snerpu.

Jafnframt er reiknað með að hönnun framkvæmda sunnan fjarðar verði að miklu leyti unnar af Snerpu og OV á árinu 2018 og er reiknað með að kostnaður vegna þess sem unnið er á árinu 2018, þar með talin grófhönnun komi því ekki inn sem kostnaður árið 2019.

bls. 2


Samkvæmt 7. lið úthlutunarreglna Fjarskiptasjóðs er sveitarfélagi í sjálfsvald sett hvert tengigjald verður. Við tengingar á árinu 2017 kom í ljós að nokkrir notendur treystu sér ekki til að taka inn tengingu vegna þessa kostnaðar sem var þá 200.000 kr. Leiddi það af sér að hluta heimtaugavinnu var frestað þar til ljóst yrði hvort/hvenær tenging yrði tekin. Til þess að koma á móts við þetta leggur Snerpa til að heimilað verði að lækka gjaldið tímabundið gegn því að notendur skuldbindi sig fyrir í ferlinu, þ.e. greiði stofngjaldið fyrir gegn afslætti. Gæti þetta einnig gilt um þá sem hafa ekki enn tengst í Önundarfirði. Snerpa hefur samið viðauka (viðauki 3) við samstarfssamning um framkvæmdirnar frá 14. júlí 2018 þar sem þetta atriði er útfært.

Öðrum fjarskiptafyrirtækjum verður boðið að koma að framkvæmdinni gegn réttindum í stofnleiðum, t.d. Mílu, en þar sem á þessu stigi málsins er ómögulegt að sjá hvað kæmi út úr því er einungis gert ráð fyrir heimild til slíkra samninga.

Meðfylgjandi eru drög að hönnun kerfisins bæði norðan og sunnan Dýrafjarðar og kort sem sýnir útbreiðslu og lagnaleiðir. Kortið er unnið í samvinnu við landeigendur á svæðinu þó ekki hafi náðst til allra enþá. Gert er ráð fyrir að sú vinna sem hægt er að vinna vegna sunnanverðs Dýrafjarðar, önnur en jarðvinna, verði unnin í ár, þ.e. hönnun að miklu leyti, samningavinna og fornleifaskráning geti orðið í ár.

Með meðfylgjandi upplýsingum til stuðnings og grófhönnun lýsir Snerpa yfir áhuga á að ganga til samninga á grundvelli þeirra. Verktími er sumarið 2018, áætluð verlok eru í október en fara eftir tíðarfari og ytri aðstæðum.


f..h. Snerpu ehf.

  
Björn Davíðsson.

Brunnar og samtengingar strengja

Kenni	Staðsetning	Gerð	Hnit
ALV	Alvíðra	F60	290624,611390
LEI	Leiti	F60	290770,611310
LAS	Laufas	F60	291054,611218
NUP	Núpur	F60	291310,611105
YHS	Ytri-Hús	F60	291425,610948
SKR	Skrúður	F60	291812,610671
LHT	Lyngholt	F60	292121,610261
HKT	Hólakot	F60	292721,610740
KLN	Klukkuland	F60	293158,611319
FEL	Fell	K60	292643,609396
MFH	Mýratelsháls	K60	293902,608525
MHL	Mýraholt	K60	294268,608259
MYR	Mýrar	F60	294574,608205
LOS	Lækjarós	F60	295976,607403
SAE	Sævangur	F60	295815,607554
GFL	Gemlufall	K60	296827,607135
GIL	Gil	K60	297767,606011
FRH	Fremstuhús	K60	298028,605904
FHD	Fremri Hjarðardalur	K60	298416,605701
HOF	Höfði	K60	298159,604946
HOD	Höfðaoddi	K60	297525,604408
BHN	Brekkuháls neðri	K60	296286,603461
SST	Brekkuháls SST	F60	296236,603422

21 líklegur tengistaður  
10 mögulegir síðar + stofnleið



- Plægður strengur
- Strengur blásið í rör
- Sæstrengur
- Samnýting rafstrengur með

Punktalínur = Mögulegur tengistaður - unnið síðar  
24 = Fjöldi þráða í strenghluta


- Keilubrunnar
- 60 cm brunnar
- Eldri brunnar



Brunnar og samtengingar strengja

Kenni	Staðsetning	Gærð	Hnit
SST	Brekkuháls SST	F60	296236,603422
SKE	Adveitustöð Skeiði	K60	296612,603135
SFH	Sandafellsháls	K60	295855,603125
BKI	Bakki í Brekkudal	K60	294937,602572
MUL	Múli í Kirkjubólisdal	K60	293060,602578
KIR	Kirkjuból	K60	292675,602774
HLR	Hólar	K60	292065,604207
MDL	Meðaldalur	K60	290613,604916
HDL	Haukadalur	K60	288991,605901
MBR	Miðbær í Haukadal	F60	288855,605920
HTN	Húsatún í Haukadal	F60	288840,606098

10 líklegir tengistaðir  
6 mögulegir síðar



- Plægður strengur
  - Strengur blásið í rör
  - Sæstrengur
  - Samnýting rafstrengur með
- Punktalínur = Mögulegur tengistaður - unnið síðar  
24 = Fjöldi þráða í strenghluta
- ABC Keilubrunnar
  - ABC 60 cm brunnar
  - ABC Eldri brunnar

Titill **Fyrirspurn um ljósþráð**  
Frá Bjorn Davidsson <bjossi@snerpa.is>  
Til 'Míla - Sala' <Sala@mila.is>  
Dagsetning 7.3.2018 15:47



- Dfj-svartur-fiber.JPG (~2,1 MB)

Góðan dag.

Er hægt að fá afhentan ljósþráð á Gemlufalli eða Höfðaodda (grænir hringir á mynd) annaðhvort frá Þingeyri eða frá brunni við innanvert Sandafell (rauðir hringir)

Semsagt hvorn staðinn sem er eða báða og hver yrði stofn- og rekstrarkostnaður mv. hagkvæmstu leið? Mögulegar leiðir sýndar með punktalínu.

mbk,-bd-

--

Björn Davíðsson - Framkvæmdastjóri - Snerpa Internet  
bjossi@snerpa.is - 520-4008 - GSM 840-4008 - Isn: 208\*1391



Dfj-svartur-fiber.JPG  
~2,1 MB

Titill **Gemlufall eða Höfðaodda**  
Frá Viðskiptastýring <sala@mila.is>  
Til bjossi@snerpa.is <bjossi@snerpa.is>  
Dagsetning 9.3.2018 08:51



---

Sæll Björn

Því miður á Míla ekki lausan þráð í þessum streng.

Kveðja / Regards

Míla / Viðskiptastýring

Sími / Tel +354 585 6300

Fax +354 585 6050

Suðurlandsbraut 30 • 108 Reykjavík • Iceland • <http://www.mila.is>

Fjarskiptasjóður  
vt. Otto Winther

Efni: Greinargerð um umsókn Ísafjarðarbæjar í verkefnið Ísland ljóstengt.

Sæll Ottó.

Snerpa er að vinna tillögur til Ísafjarðarbæjar um nýtingu styrks Fjarskiptasjóðs árið 2018.

Sbr. símtal sem ég átti við þig í vikunni sendast meðfylgjandi hugmyndir um nýtingu styrks Ísafjarðarbæjar árið 2018. Snerpa hefur hugsað sér að leggja til neðangreindar hugmyndir við Ísafjarðarbæ varðandi nýtinguna en **óskar eftir að Fjarskiptasjóður staðfesti að þær séu í samræmi við úthlutunarreglur og hamli ekki útgreiðslu styrksins.**

Fyrst er ánægjulegt að geta greint frá að tveimur staðföngum í innanverðum Dýrafirði sem voru á umsókninni býðst nú þegar ljósleiðaratenging og tveimur styrkhæfum staðföngum til viðbótar sem vantaði á umsóknina. Þessi staðföng sem eru á Skeiði, í Hvammi og á Ketilseyri eru því felld út af staðalistanum.

Gert var ráð fyrir tengingu við Lambadal Ytri í umsókninni sem er sérstök og mjög kostnaðarsöm leið sem við endurskoðaða kostnaðaráætlun var ekki talið raunhæft að hafa með og þarf hún því að bíða. Ólíklegt er að ábúandi nýti sér tengingu þar, jafnvel þótt hún væri til staðar. Það sama á við um Gerðhamra, sem er um 3,2 km lögn frá endapunkti, en þó var ákveðið að kaupa réttindi í röri sem Orkubú Vestfjarða (OV) lagði með streng þar haustið 2016 og ætti jarðvinnukostnaður við þann hluta þá að vera úr sögunni.

Við undirbúning hönnunar kom í ljós að við sunnanverðan Dýrafjörð (umsókn náði til bæði norðan- og sunnanverðs Dýrafjarðar) eru enn í notkun loftlínur OV og að eftir er að þrífasa heimitaugar að öllum staðföngum sem eru í þeim hluta umsóknarinnar. Eftir viðræður við OV um möguleika á að samnýta framkvæmdir til að leggja jafnframt nýja þrífasa dreifiveitu með jarðstrengjum á svæðinu kom fram mikill áhugi hjá OV en þeir hafa því miður ráðstafað öllu framkvæmdafé á árinu 2018. OV hefur því sóst eftir því að framkvæmdum við sunnanverðan Dýrafjörð verði frestað til ársins 2019 sem leiðir til þess að samnýting næst á öllum lagnaleiðum, nema tveimur heimitaugum OV sem þarf ekki að endurnýja.

**Það er því tillaga Snerpu að Fjarskiptasjóður heimili að framkvæmd við S-verðan Dýrafjörð verði tekin út úr umsókninni 2018.** Ísafjarðarbær sótti um styrk að fjárhæð 27.600.000 fyrir báða hluta verkefnisins, þ.e. bæði norðanverðan og sunnanverðan Dýrafjörð. Til úthlutunar komu 18.771.000 eða 68% af umbeðnum styrk.

Þar sem kostnaðargreining á verkefninu hefur leitt í ljós að kostnaður við norðanverðan Dýrafjörð er 68,4% af heildarkostnaði verkefnisins og jafnframt þeirri staðreynd að

fjármögnun mv. skert framlag Fjarskiptasjóðs er ekki tryggð fyrir öllu verkefnum óskum við eftir því að Fjarskiptasjóður fallist á að verkefnið sem umsóknin náði til verði minnkað í sama hlutfalli. Slíkt myndi þýða að á næsta ári verði sótt um að nýju fyrir sunnanverðan Dýrafjörð en þar sem umsóknin myndi gera ráð fyrir samnýtingu við þrífösun OV á svæðinu er ljóst að sú framkvæmd yrði mun ódýrari en ef hún yrði unnin á þessu ári án þeirra samlegðaráhrifa sem nást á næsta ári.

Rétt er einnig að fram komi að hönnun vegna sunnanverðs Dýrafjarðar er langt komin og verður hún greidd af því fé sem til framkvæmda vegna ársins 2018 ef fer sem horfir.

bls. 2

Meðfylgjandi er samantekt kostnaðaráætlunar eins og Snerpa hefur unnið hana miðað við þær forsendur sem hafa breyst sbr. að ofan.

Þar sem skilafrestur tillagna til Ísafjarðarbæjar rennur út þann 15. mars. nk. er óskað eftir svari sem allra fyrst, þ.e. hvort Fjarskiptasjóður fellst á óbreytta styrkútgreiðslu til Ísafjarðarbæjar ef þessi leið sem er lýst að ofan verður farin.

f.h. Snerpu.







Dýrafjörður. Punktalínur eru plægingar og sæstrengur. Hringir eru brunnar. Rauða línan efst til vinstri er rör að Gerðhömrum sem verður keypt en ekki lagt í fyrr en síðar.

## Re: Ísafjarðarbær - ÍL2018



Frá Ottó V. Winther   
Til Bjorn Davidsson   
Dagsetning föst. 10:48

Sæll Björn

Vönduð greinargerð og skynsamleg tillaga.

Fyrirhuguð ráðstöfun sem list er í greinargerðinni, á styrk fjarskiptasjóðs til Ísafjarðarbæjar vegna ljósleiðaraframkvæmda 2018, fer ekki gegn skilmálum „Ísland ljóstengt“ verkefnisins. Eðlilegt er að umfang framkvæmda sé aðlagð m.a. með hliðsjón af þeim styrk sem er í boði frá ríkinu.

Ísafjarðarbær líkt og önnur sveitarfélög hefur ákveðið svigrúm til að uppfæra og breyta undirliggjandi lista yfir styrkhæfa staði gagnvart „Ísland ljóstengt“ á undirbúnings- og verktíma. Þannig er heimilt að undanskilja staði við S-verðan Dýrafjörð í samningi og ráðstöfun styrks vegna 2018. Þeir staðir verða þ.a.l. styrkhæfir að óbreyttu er kemur að úthlutun vegna 2019.

Samspil ykkar OV er til fyrirmyndar.

Kveðja  
Ottó



Ottó V. Winther, viðskiptafræðingur MSc  
Fjarskiptamál, fjarskiptasjóður og póstmál  
Skrifstofa rafræna samskipta  
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti  
Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík  
Sími: 545 8200  
[innanrikisraduneyti.is](http://innanrikisraduneyti.is) / [Fyrirvari/Disclaimer](#)

From: "Bjorn Davidsson" <bjossi@snerpa.is>  
To: "Ottó V. Winther" <otto.winther@srn.is>  
Date: 08.03.2018 17:53  
Subject: Ísafjarðarbær - ÍL2018

Sæll Ottó.

Sjá meðfylgjandi, hringdu endilega ef eitthvað er og væri mjög gott að fá þetta til baka sem fyrst.

